

Náms- og starfsráðgjafaráætlun Vallaskóla 1. - 10. bekkur (Olga Sveinbjörnsdóttir 2015-2016)

Við gerð áætlunarinnar er aðallega stuðst við aðalnámskrá grunnskóla - lífsleikni, skólanámskrá Vallaskóla, hugmyndir Gyspers og Henderson, Herr og Cramer og lokaverkefni í námsráðgjöf Námsráðgjöf fyrir alla grunnskólanemendur - Lífsleikniáætlun Vallaskóla og verkefni sem unnin voru í námi í námsráðgjöf í HÍ.

Fræðsluáætlun Ætluð öllum nemendum. Kennsla/verkefni skv. markmiðum í skólanámskrá.	Einstaklingsáætlun Ráðgjöf við skipulagningu og ákvarðanatöku varðandi nám og störf.	Persónuleg ráðgjöf Þjónusta sem tekur á aðkallandi vanda einstakra nemenda.	Samráðsáætlun Stjórnunarþættir sem auka virkni, gæði og árangur náms- og starfsráðgjafaáætlunainnar.
Áætlaður tími: 15% - 45%	Áætlaður tími: 10% - 35%	Áætlaður tími: 30% - 40%	Áætlaður tími: 10% - 15%
Tilgangur: Nemendur fá fræðslu í þáttum sem hafa áhrif á velgengi í skóla, á vinnustað og í lífinu.	Tilgangur: Að aðstoða nemendur við að setja sér markmið varðandi nám og störf.	Tilgangur: Að aðstoða einstaka nemendur við að takast á við persónuleg- og félagsleg vandamál sem hafa áhrif á skólagönguna.	Tilgangur: Skipulagning, kynning og mat.
Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll Dæmi um markmið: Nemendur öðlist áráði til að móta eigin mynd, lífsstíll og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt og átti sig á samhengi þessa við að setja sér markmið er lúta að framtíðinni.	Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll Dæmi um markmið: Nemendur öðlist færni í tjáskiptum og styrkist þannig í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum.	Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll Dæmi um markmið: Nemendur þroski næmi á margbreytileika eigin tilfinninga og séu þannig meðvitaðir um hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun, hugsun og samskipti	Mat Dæmi um markmið: Náms- og starfsráðgjafar sjá um mat á áætluninni.
Samfélag, umhverfi, náttúra og menning Dæmi um markmið: Nemendur þekki og hafi innsýn í það að vera neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi	Samfélag, umhverfi, náttúra og menning Dæmi um markmið: Nemendur öðlist skilning á mannréttindum með því að rækta með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.	Samfélag, umhverfi, náttúra og menning Dæmi um markmið: Nemendur styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi, m.a. með því að taka afstöðu gegn neyslu fíkniefna og misnotkun á lyfjum sem notuð eru til lækninga.	Stjórnun Dæmi um markmið: Náms- og starfsráðgjafar eru í samráði og samvinnu við skóla og aðra samstarfsaðila við þróun áætlunarinnar.
Náms- og starfsþróun Dæmi um markmið: Nemendur öðlist samfélagslega yfirsýni sem gerir þeim kleift að skilja og virða reglur samfélagsins.	Náms- og starfsþróun Dæmi um markmið: Nemendur geri raunhæfar áætlanir um náms- og starfsleiðir er standa til boða við lok grunnskóla og geti nýtt sér ráðgjöf og upplýsingatækni í þeim tilgangi.	Náms- og starfsþróun Dæmi um markmið: Nemendur þekki sjálfa sig, eigin styrkleika og veikleika og séu færir um að taka ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.	Þróunarstarf Dæmi um markmið: Náms- og starfsráðgjafar nota rannsóknarniðurstöður til að þróa starf sitt enn frekar.
Framkvæmd: <ul style="list-style-type: none"> ▪ Kennsla/vinna með hópa, stóra og/eða smáa ▪ Foreldrar: Upplýsingar og fundir ▪ Þátttaka í gerð og útfærslu skólanámskrár – lífsleikni. 	Framkvæmd: <ul style="list-style-type: none"> ▪ Samráð varðandi náms- og starfsfræðslu við kennara, foreldra og/eða aðra ▪ Eftirfylgd við nemendur ▪ Ráðgjöf ▪ Þróun verkmappa. 	Framkvæmd: <ul style="list-style-type: none"> ▪ Ráðgjöf við einstaklinga og/eða litla hópa ▪ Ráðgjöf og tilvísanir ▪ Jafningjahjálparhópar ▪ Forvarnaráætlun. 	Framkvæmd: <ul style="list-style-type: none"> ▪ Samráð og samvinna (innan og utan skóla) ▪ Kanna niðurstöður rannsókna ▪ Fylgja eftir niðurstöðum kannana.



Skipting vinnutíma náms- og starfsráðgjafa

- Tímastjórnun
- Skipulag á ársgrundvelli
- Áætla tíma í fræðsluáætlun

	5 - 11 ára	12 - 14 ára	15 - 17 ára
Fræðsluáætlun	35-45%	25-35%	15-25%
Einstaklingsáætlun	5-10%	15-25%	25-35%
Persónuleg ráðgjöf	30-40%	30-40%	25-35%
Samráðsáætlun	10-15%	10-15%	15-20%

